

Samtalið við þjóðina

Það liður að alþingiskosningum og þá er okkur sagt að umræðan skipti öllu máli. Við eigum að taka eftir því hvað stjórnámenn segja og hvernig þeir segja það. Í lýðræði er ætlast til að kjósendur leggi mat á það sem sagt er, móti sér skoðun og nýti síðan atkvæðisrétt sinn eftir bestu sannfæringu. En hvernig er samtalið milli stjórnámalanna og almennings að virka? Fréttatíminn veltir fyrir sér með góðu fólki nokkrum hliðum stjórnámalanna og því hvernig umræða stjórnámalanna nær út í samfélagið.

Guðni Tómasson
gudni@frettatiminn.is

Þurfum við innhverfa eða úthverfa stjórnámenn?

Það er munur milli fólks, meðal annars í því hve innhverft eða úthverft það er, eins og stundum er sagt. Þeir innhverfu vilja íhuga sín mál í friði en þeir úthverfu nærast á opnari samskiptum og eru oft tilbúnari til að bera skoðanir sínar á torg. En hvor týpan á betur heima í stjórnámalum?

„Þetta er ágæt spurning, en þarna erum við samt að tala um einhvers konar skala frá einum öfgum til annarra,“ segir **HAUK-UR INGI JÓNASSON**, sálgreininir og lektor við Háskólann í Reykjavík. „Það er ólíklegt að þeir sem eru yst á þessum skala myndu virka vel í stjórnámalum. Góður stjórnámalmaður þarf að vera skemmtileg blanda af hvoru tveggja, nægilega úthverfur til að hafa áhuga fyrir öðru fólki og sækja í það stuðning og leiðsögn, jafnvel undir álagi. Hins vegar þarf hann líka að vera tilbúinn að íhuga málin á eigin forsendum og hugsa fyrir sjálfan sig. Það eru mörg dæmi um mikla stjórnála-

leiðtoga sem voru vel heppnuð blanda af þessu tvennu.

Það er veikt í stjórnámalum þegar menn eru fyrst og fremst að hugsa um atkvæði og vinsældir, þá verður stjórnámalmaðurinn einhvers konar rekald. Ákvarðanir þurfa líka að byggjast á innsæi, ígrundun og innri staðfestu.

Það er líka nauðsynlegt að velta fyrir sér öðrum hliðum á stjórnámalabátttöku. Er fólk í stjórnámalum til að skara eld að eigin köku eða til að komast í huggulegt starf? Mér finnst vanta eins konar almannabjóna í stjórnámal, verðuga stjórnámalmaðurinn sem að hafa almannahagsmunum að leiðarljósi.

Maður þarf að skynja að þeim gengur það eitt til að taka þátt í að byggja upp gott og kröftugt samfélag. Við þurfum fyrst og fremst fólk í stjórnámal sem er tilbúið að nota á sér kollinn og er líka ríkt af tilfinningu og umhyggju fyrir þörfum annars fólks og samfélagsins sem heildar,“ segir Haukur Ingi.



Hugsjónir gegn hagsmunum

Stundum er horft á stjórnámal sem einhvers konar baráttu á milli hugsjóna og hagsmuna. Fólk lítur að mismiklu leyti svo á að heimurinn stjórnist fyrst og fremst af hagsmunum hópa og einstaklinga og stundum eru hugsjónir talaðar niður í umræðu um stjórnámal, jafnvel lítið svo á að þær þvælist fyrir.

VILHJÁLMMUR ÁRNASON, prófessor í Heimspeki við Háskóla Íslands, segir að tengslin milli hagsmuna og hugsjóna í stjórnámalum séu vandmeðfarin og eitt meginverkefni stjórnámalanna að vinna úr þeim.

„Hugsjónir í stjórnámalum varða almannahagsmunum og viðleitni til þess að halda sérhagsmunadöflum í skefjum. Stjórnámal án hugsjóna eru ekki annað en auðsveip þjónkun við ráðandi öfl, en stjórnámal sem halda fram hugsjónum án þess að tengja þær við raunhæf viðfangsefni stjórnámalanna eru líka innantóm- ar klisjur. Vandinn er að láta hugsjónir og athafnir í stjórnámalum vinna saman þannig að togstreitan milli þeirra verði aflvaki breytinganna sem stjórnámalahreyfing vill koma á.“

Vilhjálmur tekur dæmi út frá réttlæti sem hann kallar höfuðhugsjón stjórnámalanna: „Almennt séð er það réttlæti að hver fái það sem hann á sanngjarnt tilkall til. Heilbrigðisþjónusta er réttlætismál því að hún á að tryggja að enginn fari á mis við tækifæri lífsins af heilsufarsástæðum. Hana á því að greiða úr sameiginlegum sjóðum en ekki úr vasa þeirra sem þarfnast hennar hverju sinni.“

Fiskveiðistjórnun er annað réttlætismál og fólk hefur lengi sviðið ranglætið í að nýtingarréttur á sameiginlegri auðlind hafi færst á fárra manna hendur án þess að ríkar skyldur komi á móti. Fólk í sjávarplássum, þar sem þessi atvinnuvegur byggðist upp, er háð duttlungum kvótaveldisins. Vænlegasta leiðin fyrir stjórnámal til að draga úr því ranglæti sem við blasir í tilvikum eins og þessum.“

Vekja þarf áhuga ungs fólks og almennings

Að hluta til snúast stjórnámal um að koma orðum að hugðarefnum sínum og í íslenskum framhaldsskólum á slík þjálfun sér til dæmis stað í Morfis ræðukeppnum þar sem rök eru færð með og á móti ákveðnu umfjöllunarefni. Ræðumaður Íslands í lokakeppninni síðasta var **BÁRA LIND ÞÓRARINSDÓTTIR**, úr Menntaskólanum í Reykjavík sem þá sigraði Verzlunarskóla Íslands. Hvað skyldi Báru, sem nú starfar í Ingunnarskóla, finnst um umræðuna á Alþingi og ímynd Alþingis?

„Stjórnámal geta verið rosalega áhugaverð en alltof mörgum finnst þau átakanlega leiðinleg. Það snýst mikið um það hvernig þeim er komið á framfæri, ekki síst við yngra fólk. Þetta virkar allt of mikið blaður. Maður verður fyrst og fremst var við skot á þennan ræðumann eða hinn. Þetta heyrir

maður og sér, en minna fer fyrir samvinnu.

Mér finnst vanta að fólk fái betur á hreint hvað er eiginlega í gangi á Alþingi, að hvaða málum er verið að vinna og hvað þau þýða fyrir almenning. Mér finnst þær framfarir sem þingið er að vinna að alls ekki nægilega vel kynntar. Það hlýtur að vera hægt að draga störf Alþingis betur saman frá degi til dags, á meira lífandi hátt til að maður fái einhvern áhuga á störfunum. Ég vil vita hvað ákvarðanir Alþingis þýða fyrir venjulegt fólk.

Svo sýnist manni líka að þingmennirnir hafi ekki mjög mikinn áhuga sjálfir á því sem fer fram í þinginu, og hvað eigum við þá að segja? Svo þarf að tala þarna meira á mannamáli og minnka allt þetta formlega. Þetta er um hagsmunum okkar allra og maður ætti að hafa áhuga á þessu, en maður einhvern veginn hefur það ekki.“



Stjórnámenn eins misjafnir í samskiptum við fjölmiðla og þeir eru margir

Samskipti stjórnála- og fjölmiðlamanna eru mikilvægur þáttur í því að koma réttum upplýsingum til almennings. Þó nokkuð er kvartað yfir að þar sé pottur brotinn, þeir sem hafi hæst fái mesta athygli í fjölmiðlum og jafnvel að í litlu samfélagi sé erfitt að halda faglegri fjarlægð milli þeirra sem spyrja og þeirra sem svara í umfjöllun um stjórnámal.

ANNA KRISTÍN JÓNSDÓTTIR, fréttamaður hjá RÚV, segir að samband stjórnámalanna og fjölmiðlamanna sé að hluta þess eðlis að hóparnir nærast hvor á öðrum. Málið snúist um traust og aðgang að upplýsingum, en samt þurfi fjölmiðlamenn að halda ákveðinni fjarlægð á menn og málefni.

„Fjölmiðlamenn eru oft gagnrýndir fyrir að hafa meiri áhuga á mönnum en málefnum og stundum er nokkuð til í þessu,“ segir Anna Kristín.

„Það er hins vegar í mannlegu eðli að dragast að átökum þegar maður finnur þef af þeim. Þá verður oft einhver saga til sem hægt er að segja, á meðan snúnara er að miðla til dæmis finlegum eða tæknilegum blæbrigðum milli manna í áherslum í velferðarmálum.“

Anna Kristín telur að oft séu fjölmiðlamenn að einhverju leyti fastir í einhverri ákveðinni forskrift um samskipti við stjórnámenn. Þannig er það til dæmis að þeir sem séu duglegastir við að tjá sig, fái jafnframt til þess flest tækifæri. „Það er mismunandi hvað stjórnámenn hafa sig mikið í frammi og telja sig hafa mikið fram að færa við admenning. Stjórnámenn þurfa líka að vera meðvitaðir um það að koma skilaboðum sínum á framfæri, fyrir hverju þeir vilja berjast, hvar og hvernig. Það er ekkert óbilgjörn krafa á stjórnámenn að þeir séu í stjórnámalum af ástríðu og viti hvert þeir vilja fara, í að minnsta kosti einhverjum málum.“



SÓFA OG STÓLA DAGAR



VIOLINO Skem sófi
Verð: 93.675



20%
AFSLÁTTUR

Tomcat - hvíldarstóll

20-50%
AFSLÁTTUR

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504